



Umsókn um aukið framlag til ÍBA 2019

Samkvæmt 6. gr. samstarfssamnings Akureyrabæjar og ÍBA gerir frístundaráð ráð fyrir styrkjum til ÍBA í fjárhagsáætlun hverju sinni. Fyrir árið 2019 óskar ÍBA eftir auknu framlagi frístundaráðs til ÍBA m.t.t. eftirfarandi skilgreininga:

1) Rekstur skrifstofu

Árið 2018 er fyrsta fulla rekstrarár ÍBA skv. nýjum samningi við Akureyrarbæ. Líkt og kunnugt er þá er hinn nýi samningur gerólikur fyrri samningum og mörg verkefni nú á borði ÍBA, sem áður voru á borði Akureyrarbæjar. Það má því segja að þetta fyrsta ár hafi verið ákveðinn reynslutími í rekstri skrifstofu bandalagsins og fyrst núna hægt að átta sig á umfangi verkefna bandalagsins samkvæmt nýjum og breyttum samningi við Akureyrarbæ.

Í núverandi samningi er gert ráð fyrir einu stöðugildi en í dag eru þau eitt og hálf. Hefur hálf stöðugildið verið fjármagnað úr takmörkuðum sjóðum bandalagsins en fjármunir þess duga ekki til að halda úti þessu hálf stöðugildi á næsta ári.


Í ljósi reynslunnar það sem af er þessu ári telur stjórn ÍBA nauðsynlegt að hafa 1,5 stöðugildi á skrifstofu til að sinna þeim verkefnum sem fyrir liggja. Auk þeirra verkefna sem tilgreind eru í fyrrnefndum samningi þá hefur ÍBA í gegnum tíðina aðstoðað minni íþróttafélög bæjarins við að halda utan um bókhald þeirra og teljum við mikilvægt að halda þeirri þjónustu áfram, enda mikil krafa af okkar hálfu á íþróttafélögin að hafa bókhaldið í lagi.

ÍBA óskar því eftir að framlag til reksturs skrifstofu verði 19,8 milljónir á næsta ári (Með áætlaðri 7% launavísitöluhækkun á árinu af 14,5m.kr).

2) Styrkir til aðildarfélaga

Styrkur vegna húsaleigu- og æfingastyrkja hjá 3ja aðila nemur 4m.kr. árið 2018 og hefur sú upphæð runnið óskert til húsaleigu KFA sem hefur þó óskað eftir hærri styrkveitingu hvað húsaleigu þeirra varðar. Til viðbótar hafa 3 aðildarfélög einnig óskað eftir styrkveitingu vegna húsaleigu hjá 3ja aðila þar sem Akureyrarbær hefur ekki getað útvegað húsnæði undir þeirra starfsemi. Fyrir árið 2019 sækir ÍBA um eftirfarandi framlög vegna húsaleigu hjá 3ja aðila:

A. Kraftlyftingafélag Akureyrar = 4m.kr. + 100þ.kr. v/áætl vísitöluhækkun neysluverðs



- B. Karatefélag Akureyrar = 1,2m.kr. (100þ.kr á mánuði)
 - C. Íþróttafélagið Akur v/bogfimisdeild = 1,2m.kr. (100þ.kr á mánuði)
 - D. Íþróttafélagið Þór v/keiludeild óskar eftir lausn eða aðstoð vegna leigu á húsnæði þar sem það á brautir og allt sem þarf til að stunda æfingar. Keiludeildin hefur tilboð um leigurými í Austursíðu 2 uppá 800þ.kr. á mánuði auk VSK.
- 3) **Rekstrarstyrkur til aðildarfélaga** = 8m.kr.
 - 4) **Afrekssjóður Akureyrar** = 7m.kr.
 - 5) **Kvennastyrkur/Jafnréttisstyrkur** = 3m.kr.
-
- 8) **Annað:** Greining og aðgerðaráætlun á þriggja kjarna félagastarfsemi á Akureyri = 2m.kr.
Sjá frekari skýringar aðgerðaráætlunarnefndar í fylgigögnum.

Virðingarfyllt,

Geir Kristinn Aðalsteinsson
Formaður ÍBA